

Umsögn um 106. mál á 154. löggjafarþingi, um Lögrétta.

Sendandi: Svavar Kjarrval

Dagsetning: 19. febrúar 2024

### Nafnið Lögrétta

Sem aðili sem er með leitarvél (urlausnir.is) er leitar í eldri gögnum (bráðlega einnig í þingskjölum og þingræðum) verð ég að koma með sjónarmið um að endurvakning eldri nafna í annarri merkingu getur haft í för með sér ýmsa ókosti. Hættan er sú að ef fólk vill finna heimildir um Lögréttuna sem starfaði á þjóðveldisöld gæti það, eftir því sem tíminn líður, farið að drukkna í tilvísunum í nefndina Lögrétta sem verið er að leggja til hér.

Málið þarf ekki að vera svo einfalt að flokka eftir eldri heimildum og nýrri þar sem fræðafólk gæti viljað finna tilvísanir í eldri Lögréttuna út frá nýrri gögnum, þar á meðal þeim sem yrðu til eftir stofnun nefndarinnar Lögrétta. Þótt einhverjar framfarir hafa orðið í gervigreind tel ég þær ekki vera komnar á það stig að gera þennan greinarmun, hvað þá að slík gervigreind yrði í boði á viðráðanlegum kjörum fyrir aðila sem hafa ekki mikil fjárráð. Til að mynda hef ég gefið það upp á bátinn að reyna að greina á milli hugtakanna „landsréttur“ og „Landsréttur“ þar sem bæði hugtökin geta verið í upphafi setningar með upphafshástaf.

Ég er sammála þeirri hugsjón sem liggur að baki frumvarpinu, en myndi óska að annað nafn yrði fundið á téða nefnd.

### Kjör og seta í Lögrétta

Í frumvarpinu er ekki getið þess hver tilnefni í Lögrétta sem Alþingi kys formlega í, en óljóst er hvort fyrir liggja eitthvað tiltekið skipulag. Ljóst er af greinargerðinni að einvörðungu er kjörinn einn einstaklingur í hvert skipti (fyrir utan fyrsta skiptið, sbr. bráðabirgðaákvæði). Það gæti skapað vandkvæði þar sem venjulega semja þingflokkar sín á milli hvernig þeir vilja skipta sætunum sín á milli, en það segir sig sjálft að slíkt fyrirkomulag er ekki fýsilegt þegar kjörin er ein manneskja í einu og í ljósi þess að styrkur þingflokka á þingi getur breyst milli kjörtímabíla. Efasemdir eru um að þegar þingflokkar eru fleiri en fimm að einhver einn þingflokkur sé til í að semja af sér sæti í nefndina.

Þá ber að geta þess að texti tillagðra greina 36. gr. a og b kveða ekki á um að nefndin sé eiginleg þingnefnd, og þar af leiðandi megi einvörðungu vera með þingmenn, að þingmenn megi ekki sitja í henni, eða hvort sambland beggja sé heimilt. Greinargerðin virðist ekki ræða þetta.

Telja mætti að til að gæta að sjálfstæði nefndar sem þessarar að hún yrði ekki skipuð þingmönnum, og helst ekki heldur fyrrum þingmönnum. Ef ekki eru gerðar ráðstafanir til þess að halda nefndinni utan pólitíkur, þá er hættan á að hún þróist í þá átt að vera já-nefnd meirihlutans á þinginu hverju sinni og þá sérstaklega ef frumkvæðið að vali nefndarfólksins liggur hjá þingflokkunum og/eða ef hún er einvörðungu skipuð þingmönnum.

Þörf er á því að frumvarpið geti um hæfisskilyrði þess að mega sitja í nefndinni, einkum til þess að tryggja að álit hennar sé ábyggilega faglega ígrundað.

Að lokum um þetta atriði tel ég að geta þurfi á um skilyrði til þess að reka einhvern úr nefndinni. Tel ég við hæfi að kveða ekki á um lægra hlutfall en aukinn meirihluta. Ef ekki er kveðið á um slíkt yrðu brottrekstrarskilyrðin líklega túlkuð vera þau að meirihluti Alþingis geti greitt atkvæði um brottrekstur, en slíkt gæti leitt til trega nefndarinnar til að veita stjórnarfrumvarpi slæma einkunn.

Augljóst er að á tímabilum gæti verið nokkuð mikið að gera hjá nefndinni og því mætti segja að seta í henni gæti jafngilt fullu starfi enda erfitt fyrir einhvern að taka við sæti í nefndinni og þurfa svo að

vera Alþingi innan til handar eiginlega allt árið, sérstaklega með þá fresti sem b-liður 1. gr. frumvarpsins og þann möguleika að hægt er að kalla til Alþingi hvenær sem er.

### **Álitsfrestur**

Í greinargerðinni er vísað í að „[í] frumvarpinu [sé] lagt til að Lögrétta hafi jafnan mjög skamman tíma til að gefa álit sitt, en það gæti stuðlað að því að leysa úr slíkum deilum á skjótan og öruggan hátt“ en efasemdir eru um að lausn deilna geti verið með öruggum hætti ef nefndin hefur mjög skamman tíma í verkið. Þessi skammti tími gæti, eftir atvikum, leitt til þess að vinna nefndarinnar verði ekki eins ítarleg og hún þyrfti að vera, með hliðsjón af því að hún gæti verið að drukkna í verkefnum á þeim tíma.

### **Möguleg misnotkun**

Vega þarf og meta heimildir tillagðrar 36. gr. b með hliðsjón af mögulegri misnotkun stjórnarandstöðuflokka á heimildinni, og er ég þá einkum að hugsa til þess að bannað yrði að samþykkja frumvarp áður en álit nefndarinnar liggur fyrir. Þingflokkur sem samanstæði af fimmtungi þingmanna eða meira (eða í samstarfi við aðra þingflokka) gæti farið í hótanir um að senda frumvarp til Lögréttu til þess eins að tefja þingmál, einkum þegar nálgast lok þings skv. starfsáætlun. Frumvarpstextinn gerir ekki ráð fyrir að óskín þurfi að vera lögð fram á tilteknum tíma þannig að hver og einn sem hefði stuðning nógu margra samþingmanna gæti farið í að leggja fram slíkar beiðnir rétt fyrir lokaatkvæðagreiðslu frumvarps.

Eftir atvikum gæti verið gagnlegt að fá annað álit nefndarinnar á frumvarpi, sérstaklega ef gerðar voru margar breytingar á frumvarpi á milli umræða. Óljóst er af frumvarpstextanum hvort ætlunin sé að heimila endurskoðun sem þessa. Ef slík heimild er sett inn, eða ályktuð vera til staðar nú þegar, gæti það sömuleiðis verið misnotað með áðurgreindum hætti, jafnvel ef álit nefndarinnar liggur fyrir þá þegar.

Að því leyti sem svona fyrirkomulag hvetur ráðherra og þingmenn til þess að undirbúa frumvörp með betri hætti, þá myndi ég taka undir þetta. Hins vegar tel ég að til staðar þurfi að vera einhver varnagli sem spornar gegn misnotkun, þ.e. að það sé möguleiki fyrir Alþingi að koma í veg fyrir að frumvarpið verði afgreitt hjá Lögréttu og/eða hafi einhvern möguleika á að framkvæma lokaafgreiðslu frumvarpsins án álits Lögréttu að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

### **Lagaskil**

Að lokum tel ég frumvarpinu væri best þjónað með betrubættum lagaskilum. Sbr. 5. mgr. 1. gr. þingskapalaga er fyrsti samkomudagur hvers löggjafarþings annar þriðjudagurinn í september en frumvarpið kveður á um upphaf gildistöku vera 1. september 2024. Þetta gæti skapað vandkvæði ef upp koma frumvörp sem þurfa skjóta afgreiðslu frá upphafi gildistökkunnar og fram að setningu nýs löggjafarþings. Þá þarf að íhuga að það tekur tíma að ráða starfsfólk og koma nefndinni í gang, þar á meðal semja starfsreglurnar sem 4. mgr. tillagðrar 36. gr. b kveður á um. Til þess þyrfti að vera búið að kjósa í nefndina í fyrsta skiptið. Legg ég til að kveðið sé á um að frumvarpinu verið breytt á þann hátt að nefndin skuli kjörin og ákvæðin sem kveða á um heimild til tilvísunar til nefndarinnar og banns þingsins við afgreiðslu frumvarps án álits nefndarinnar öðlist gildi að tilteknum tíma liðnum frá fyrsta kjöri nefndarinnar.

### **Lokaorð**

Ég tel hugsjónina góða en að sama skapi tel ég að frumvarpið þurfi á talsverðum betrubótum að halda í afgreiðslu Alþingis.

Svavar Kjarrval